

Fimmtudaginn 27. apríl 1995.

Nr. 1/1995.

**Alþýðusamband Íslands f.h.**

**Flugvirkjafélags Íslands**

(Andri Árnason hrl.)

gegn

**fjármálaráðherra f.h. ríkisins**

**vegna Landhelgisgæslu Íslands**

(Einar Karl Hallvarðsson hdl.)

Kjarasamningur. Sératkvæði.

### **Dómur Félagsdóms.**

Málið, sem dómtekið var 12. þ.m., er höfðað með stefnu, sem árituð er ódagsett um birtingu, útgefinni 18. janúar sl. og þingfestri 19. s.m.

Málið dæma Auður Þorbergsdóttir, Kristjana Jónsdóttir, Ingi-Þjörg Benediktsdóttir, Arnundur Backman og Guðmundur Skaftason.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands f.h. Flugvirkjafélags Íslands, kt. 550169-0199, Borgartúni 22, Reykjavík.

Stefndi er fjármálaráðherra f.h. ríkisins vegna Landhelgisgæslu Íslands.

Dómkröfur stefnanda:

Stefnandi gerir þær dómkröfur að viðurkennt verði með dómi, að um kaup og kjör flugvirkja, sem starfa hjá Landhelgisgæslu Íslands, skuli fara samkvæmt kjarasamningi stefnanda og Vinnuveitendasambands Íslands vegna Flugleiða hf., dags. 12. júní 1994, frá og með þeim degi að öðru leyti en greinir í kjarasamningi stefnanda og stefnda vegna starfa flugvirkja hjá Landhelgisgæslu Íslands, frá 24. september 1992.

Jafnframt er krafist málskostnaðar að mati dómsins auk virðisaukaskatts af málflutningsþóknun. Við munnlegan málflutning var þess krafist að við ákvörðun málskostnaðar yrði sérstaklega litið til þess að málið var flutt um frávisunarkröfu stefnda.

Dómkröfur stefnda:

Að stefndi verði sýknaður af kröfum stefnanda og að stefnda verði tildæmdur málskostnaður samkvæmt mati Félagsdóms.

*Málavextir.*

Af hálfu stefnanda er málavöxtum lýst svo að stefnandi sé stéttarfélag flugvirkja og lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör flugvirkja skv. samþykktum sínum, sbr. 5. gr. laga nr. 80/1938. Stéttarfélagið sé aðili að Alþýðusambandi Íslands, sem hafi með bréfi dags. 16. janúar 1995, veitt Flugvirkjafélagi Íslands umboð til þess að reka mál þetta fyrir Félagsdómi.

Félagið hafi gert kjarasamninga við atvinnurekendur, en Vinnuveitendasamband Íslands hafi í því sambandi verið samningsaðili f.h. stærsta vinnuveitanda flugvirkja, Flugleiða hf. Síðasti kjarasamningur félagsins og VSÍ f.h. Flugleiða hf. hafi verið gerður 12. júní 1994 og sé nú gildandi fyrir kaup og kjör launþega innan stéttarfélagsins. Stefnandi hafi jafnframt gert samning við stefnda, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, um sérkjör þeirra félagsmanna sem starfa hjá Landhelgisgæslu Íslands og sé síðasti sérkjarasamningur frá 24. september 1992.

Um Landhelgisgæslu Íslands gildi lög nr. 25/1967. Í 9. gr. laganna sé fjallað um laun og kjör starfsmanna Landhelgisgæslunnar, „sem vinna að staðaldri í landi“ en þau skuli vera samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna eða stéttarfélagssamningum viðkomandi starfsmanna. Í 10. gr. laganna sé fjallað um laun og kjör þeirra sem að staðaldri vinna við störf „á sjó eða í lofti“ og skuli þau vera í samræmi við kjarasamninga viðkomandi stéttarfélaga eftir því sem við á.

Í samningi stefnanda og stefnda vegna Landhelgisgæslu Íslands, dags. 19. september 1989, 1. gr., segi orðrött: „1. Um kaup og kjör. 1.1. Að öðru leyti en í samningi þessum greinir fer um kaup og kjör flugvirkja samkvæmt kjarasamningi FVFÍ og VSÍ vegna Flugleiða frá 4. júlí 1989“. Sá samningur, þ.e. frá 19. september 1989, hafi verið framlengdur með samningi dags. 12. desember 1990 og síðast með samningi dags. 24. september 1992.

Samkvæmt samningi stefnda og stefnanda frá 12. desember 1990 hafi laun félagsmanna stefnanda hjá Landhelgisgæslunni tekið sömu breytingum og skv. gildandi kjarasamningi stefnanda og VSÍ frá 11. september 1990. Með kjarasamningi stefnanda og stefnda frá 24. september 1992 hafi laun félagsmanna stefnanda hjá Landhelgisgæslu Íslands tekið sömu breytingum og skv. kjarasamningi stefn-

anda og VSÍ frá 23. júlí 1992, þ.e. 1,7% hækkun launaliða, en þeirrar hækkunar hafi reyndar ekki verið getið sérstaklega í samningnum.

Í kjölfar kjarasamnings stefnanda og vinnuveitenda frá 12. júní 1994 hafi verið í gangi viðræður milli stefnanda vegna félagsmanna sinna sem starfa hjá Landhelgisgæslunni og stefnda. Þess hafi verið krafist af hálfu stefnanda að kjarasamningur stefnanda og vinnuveitanda, dags. 12. júní 1994, verði lagður til grundvallar sem kjarasamningur milli stefnda og stefnanda vegna starfsmanna Landhelgisgæslunnar, auk gildandi kjarasamnings stefnanda og stefnda frá 24. september 1992, svo sem tíðkast hafi og er í því sambandi vísað til 9. gr. laga um Landhelgisgæslu Íslands. Í þeim viðræðum hafi hins vegar komið fram af hálfu stefnda að ekki sé fallist á að um kaup og kjör félagsmanna stefnanda hjá Landhelgisgæslunni skuli fara skv. gildandi kjarasamningi FVFÍ og atvinnurekenda annars vegar og sérsamningi stefnda og stefnanda hins vegar. Vegna þessa hafi kjör félagsmanna stefnanda hjá Landhelgisgæslunni ekki verið í samræmi við gildandi kjarasamning stefnanda við vinnuveitendur frá því 12. júní s.l.

Starfsmenn Landhelgisgæslu Íslands hafi hvorki heimild til að gera verkfall né til að taka þátt í verkfallsaðgerðum, sbr. 7. gr. laga nr. 25/1967 um Landhelgisgæslu Íslands.

*Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.*

Stefnandi byggir dómkröfu sína á því grunnsjónarmiði, að skv. 9. gr. laga um Landhelgisgæslu Íslands, skuli um laun og kjör starfsmanna Landhelgisgæslunnar „sem að staðaldri vinna í landi“, þ.m.t. félagsmanna stefnanda, fara samkvæmt „stéttarfélagssamningum viðkomandi starfsmanna“.

Með vísan til framangreinds ákvæðis hafi gildandi aðalkjarasamningur stefnanda við vinnuveitendur (VSÍ) verið talinn gildandi varðandi kaup og kjör flugvirkja hjá Landhelgisgæslu Íslands. Að auki hafi stefnandi gert samning við stefnda um tiltekin sérkjör félagsmanna hjá Landhelgisgæslunni, sbr. samning aðila frá 19. september 1989, sbr. samning 12. desember 1990 og 24. september 1992. Hafi í þeim samningum (19. sept. 1989, 12. des. 1990) verið tekið á tilteknum sérkjörum, sem ekki sé vikið að í kjarasamningi stefnanda við VSÍ f.h. vinnuveitenda. Hafi framangreindir stéttarfélagssamningar, þ.e.a.s. samningur stefnanda og VSÍ annars vegar og samningar stefnanda og stefnda hins vegar, á þann hátt verið viður-

kenndir sem stéttarfélagssamningar viðkomandi starfsmanna í skilningi 9. gr. laga nr. 25/1967 um Landhelgisgæslu Íslands.

Í dómkröfu stefnanda felist þannig, að gerð er krafa um viðurkenningu á því að um kaup og kjör félagsmannanna skuli fara skv. kjarasamningi þeim sem gerður var 12. júní 1994 milli stefnanda og VSÍ frá og með þeim degi og skv. kjarasamningi stefnanda og stefnda frá 24. september 1992 (sérkjarasamningi), að öðru leyti.

Varðandi kjarasamning stefnanda og VSÍ frá 12. júní 1994 vísast til þess að sá samningur teljist vera gildandi samningur varðandi launaliði kauptaxta o.fl., þar til nýr kjarasamningur verður gerður.

Samningur stefnanda og stefnda frá 24. september 1992, sbr. samninga dags. 12. desember 1990 og 19. september 1989, sé sérstakur samningur um tiltekin afmörkuð kjör flugvirkja hjá Landhelgisgæslu Íslands og teljist þau kjör, sem þar er samið um, bindandi fyrir aðila og þ.m.t. stefnda þar til nýr samningur að þessu leyti hafi verið gerður, venju samkvæmt.

Starfsmenn hjá Landhelgisgæslu Íslands, þ.m.t. félagsmenn stefnanda, hafi hvorki verkfallsrétt né rétt til að taka þátt í verkfallsboðunum og sé samningsstaða þeirra að þessu leyti mjög takmörkuð. Ljóst sé að við slíkar aðstæður þurfi að koma til sérreglur varðandi ákvörðun launa og annarra kjara, sem taki tillit til þessarar sérstöku stöðu. Skýra verði 9. gr. laganna með tilliti til þessa. Þannig megi ótvírætt telja að um kaup og kjör félagsmanna stefnanda hjá Landhelgisgæslunni, þ.m.t. launaliði, skuli á hverjum tíma fara skv. gildandi aðalkjarasamningi sem samkomulag er um á almennum vinnumarkaði.

Slíkt hafi verið viðurkennt í reynd, sbr. 1. gr. samnings stefnanda og stefnda frá 19. september 1989, þar sem kjarasamningur stefnanda við vinnuveitendur sé lagður til grundvallar varðandi launataxta o.s.frv. Um þetta megi jafnframt vísa til fyrri samninga (fyrir 1989), sbr. t.d. samning aðila frá 16. janúar 1985. Að auki megi vísa til nýlegs kjarasamnings Félags íslenskra atvinnuflugmanna og stefnda vegna starfa hjá Landhelgisgæslu Íslands, dags. 17. febrúar 1994, en skv. 1. gr. samningsins gildi um kjör flugmanna að öðru leyti kjarasamningur FÍA og Flugleiða hf.

Verði ekki séð að nein þau atvik eða neinar ástæður geti leitt til þess að vikið sé frá ótvíræðu orðalagi 9. gr. laganna og framangreindrar venju sem skapast hafi varðandi launakjör félagsmanna

stefnanda hjá stefnda. Synjun stefnda á því að láta flugvirkja, sem starfa hjá Landhelgisgæslu Íslands, njóta kjara skv. framangreindum kjarasamningum teljist þannig vera ólögmat og brot gegn vinnusamningum félagsmanna stefnanda, sbr. 7. gr. laga nr. 80/1938 og 9. gr. laga nr. 25/1967.

Um heimild til að leggja mál þetta undir Félagsdóm er vísað til 44. gr. laga nr. 30/1938, einkum 2. tl., 1. mgr. Jafnframt er vísað til I. kafla laganna, laga nr. 25/1967 um Landhelgisgæslu Íslands, einkum 7. gr., sbr. 9. gr., og til almennra réttarreglna um gildi og túlkun kjarasamninga.

Til hliðsjónar er vísað til dóms Félagsdóms í málinu nr. 7/1986.

Um málskostnað vísast til 65. gr. laga nr. 80/1938, sbr. XXI. kafla laga nr. 91/1991, og um virðisaukaskatt til laga nr. 50/1988. Stefnandi sé ekki virðisaukaskattskyldur aðili, og sé því nauðsyn á að fá skattinn af málflutningsþóknun dæmdan úr hendi stefnda til að tryggja skaðleysi sitt.

*Málsástæður og rökstuðningur stefnda.*

Af hálfu stefnda er því mótmælt að samningur milli fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og stefnanda vegna starfa flugvirkja hjá Landhelgisgæslu Íslands, sem undirritaður var 19. september 1989, hafi verið sérkjarasamningur. Þvert á móti hafi verið um að ræða almennan kjarasamning, þótt vísað væri um tiltekin atriði til samnings stefnanda við VSÍ vegna Flugleiða hf. Af hagkvæmnisástæðum hafi verið þannig samið um tilvísun að því er varðaði nokkur sameiginleg atriði sem þá voru gildandi milli þeirra aðila eins og um orlof, námsleyfi, verkfæri, akstur, matar- og kaffitíma og fleira, án þess að það breytti nokkru um réttarsamband aðila eða samningsrétt með tilliti til þess hvort um væri að ræða skiptingu í aðal- og sérkjarasamning. Í því tilvikum væri allt eins unnt að kalla síðari samninga stefnanda við VSÍ vegna Flugleiða hf. sérkjarasamninga, þ.e. um tiltekin afmörkuð sérkjör þeirra félagsmanna stefnanda sem vinna hjá Flugleiðum hf., en um samninginn þeirra í milli frá 12. júní 1994 hagi sannanlega svo til. Þegar gengið var frá þeim kjarasamningi stefnanda við VSÍ vegna Flugleiða hf. hafi verið gengið út frá þeirri forsendu að flugvirkjar er þar störfuðu tækju á sig þá hagræðingu sem kveðið sé á um í samningnum, sbr. greinar 4, 5, 6 og 8. Hafi verið lagt til grundvallar í þessum samningi af hálfu aðila hans, að umsamin launahækkun til handa stefnanda væri beinlínis tilkomin af

umræddri hagræðingu í störfum félagsmanna hjá Flugleiðum hf. Um þá launahækkun sé síðan kveðið á um í nefndum samningi, sbr. grein 2. Sé nefndur samningur því einskorðaður við störf félagsmanna stefnanda hjá Flugleiðum hf. og sé þar beint samhengi milli hagræðingar og launahækkunar.

Ekkert slíkt vaktafyrirkomulag eða önnur hagræðing, sem stefnandi hafi samið um við Flugleiðir hf., sé við lýði hjá LHG vegna þeirra félagsmanna stefnanda sem þar vinna. Þar sem stefnandi hafi ekki samið við stefnda um sérstaka vinnuhagræðingu eins og stefndi hafi samið um við VSÍ vegna Flugleiða hf., hafi stefndi ekki talið sér skylt að greiða félagsmönnum stefnanda, sem vinna hjá LHG, þá hækkun launa sem þannig hafi verið sérstaklega umsamið vegna starfa þeirra hjá Flugleiðum.

Sýknukrafa stefnda byggist á því að sú framkvæmd hafi verið við gerð samninga við stefnanda að ásamt framlengingu á áðurgildandi heildarkjarasamningum hafi vinnuveitendur samið um tiltekna breytingar á launaliðum og fleira. Þannig hafi Flugleiðir hf. samið við stefnanda þann 11. september 1990 og stefnda vegna LHG þann 1. desember sama ár. Árið 1992 hafi stefnandi síðan samið aftur um kjör félagsmanna sinna hjá Flugleiðum hf. með samningi undirrituðum 23. júlí það ár og síðan vegna félagsmanna sinna hjá LHG með samkomulagi frá 24. september 1992. Sé því ljóst að mörg undanfarin ár hefur stefnandi samið jafnt við VSÍ vegna félagsmanna sinna hjá Flugleiðum hf., við stefnda vegna félagsmanna sinna hjá LHG svo og við fleiri vinnuveitendur. Svo sem fyrr greinir hafi stefnandi og VSÍ vegna Flugleiða hf. náð samkomulagi hinn 12. júní 1994 um tiltekna launahækkun er kæmi á móti umsaminni hagræðingu hjá Flugleiðum hf. Sams konar viðræður hófust við stefnda hinn 20. september 1994 og voru haldnir 14 fundir áður en upp úr þeim viðræðum slitnaði í janúar á þessu ári. Krafa stefnanda í þeim viðræðum hafi fyrst verið á þá leið að samningur sá sem félagið hafði gert við VSÍ hinn 12. júní 1994 yrði yfirtekinn óbreyttur af fjármálaráðherra vegna LHG. Af hálfu stefnda hafi hins vegar verið talið að sú hagræðing hentaði ekki LHG og hafi verið óskað tillagna um hagræðingarákvæði sem henta myndu hjá LHG. Ýmsar tillögur hafi verið ræddar um þá hagræðingu sem henta myndi, en slitnað hafi upp úr þeim viðræðum. Meðal annars hafi því verið lýst yfir af hálfu stefnanda að til greina kæmi endurskoðun á ákvæði 7.2.

í þeim samningi, sem sameiginlegur er með aðilum, auk þess sem til greina hafi komið endurskoðun eða brottfall á ýmsum ákvæðum í samningi stefnanda og stefnda frá 19. september 1989, t.d. greinum 2.1.2., 2.2., 2.6.1. og 2.6.3.

Ekki hafi verið bent á neinar vanefndir í samningssambandi stefnanda og stefnda og sé ókleift að álykta á þá lund að stefndi hafi vanefnt samning sem hann eigi ekki aðild að og gildir frá 12. júní 1994. Að því er varðar þau kjör sem félagsmenn stefnanda hafa samið um við stefndu verði við það að miða að félagið sé bundið af ákvæðum þess kjarasamnings og geti ekki borið fyrir sig gildi annars samnings sem síðar er gerður vegna starfa hjá Flugleiðum hf.

Ákvæðið í 1. gr. í samningi stefnanda og stefnda frá 19. september 1989 hafi því einungis átt við um þann almenna kjarasamning, sem í gildi var frá og með 4. júlí 1989, en síðar var samið um framlengingu og launaliði, bæði við VSI og stefnda. Óraunhæft sé að álykta svo að í ákvæðinu geti falist sjálfkrafa tilvísun í samning sem undirritaður var fimm árum seinna og byggji á sérstökum samningsforsendum milli stefnanda og stefnda vegna starfa hjá Flugleiðum hf. Ekki verði það heldur leitt af túlkun 9. gr. laga nr. 25/1967 um LHG að fyrir hendi sé skylda fjármálaráðherra til samningsgerðar með því efni sem stefnandi óskar.

Stefnandi byggir á því grunnsjónarmiði að samkvæmt 9. gr. laga nr. 25/1967 um LHG skuli um félagsmenn stefnanda fara samkvæmt stéttarfélagssamningum viðkomandi starfsmanna. Leggja verði til grundvallar að nefnt ákvæði geri ráð fyrir tveimur valkostum um kjör þeirra sem undir það falla. Annars vegar sé um að ræða þá réttarstöðu starfsmanna LHG, sem vinna að staðaldri í landi, að taka laun samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna og hins vegar samkvæmt stéttarfélagssamningum viðkomandi starfsmanna. Óumdeilt sé að stefnandi geri ekki kjarasamninga vegna félagsmanna sinna á grundvelli laganna um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Á hinn bóginn sé ekkert fram komið um að samningur stefnanda við VSI vegna Flugleiða hf. sé ótvírætt sá stéttarfélagssamningur, sem nefnt ákvæði gerir ráð fyrir, enda geri fleiri atvinnurekendur, sem ekki eru endilega aðilar að VSI, samninga við stefnanda um kaup og kjör. Hafi sú framkvæmd þvert á móti skapast að stefnandi hafi gert samninga við hina ýmsu vinnuveitendur, þ.á m. stefnda, og hafi aðilar haft fullt forræði um efni slíkra

samninga og því getað ráðstafað öllum kjaratriðum með samningum sín á milli, t.d. með hagræðingarákvæðum. Í þessu ljósi verði að skýra ákvæði 9. gr. laga nr. 25/1967, sem í öndverðu hafi gert ráð fyrir mun einfaldari samningsstöðu á vinnumarkaði. Þótt ekki hafi samist um sams konar vinnuhagræðingu vegna félagsmanna stefnanda hjá LHG, geti ekki leitt sjálfkrafa af 9. gr. laga nr. 25/1967 að þeir er þar vinna eigi rétt á kjörum samkvæmt alls óskyldum samningi að tilurð og efni. Ennfremur er því mótmælt að stefndu verði gert að þola hagræðingu hjá LHG í starfi flugvirkja þar, sem miðuð er við rekstur og starfsemi farþega- og áætlunarflugs Flugleiða hf.

Þá telur stefndi einnig að lögskýra verði ákvæði 9. gr. á sama hátt og orð 10. gr. sömu laga ráðgera, en þar er mælt fyrir um að einungis skuli kaup og kjör miðast við stéttarfélagssamninga eftir því sem við á. Engin rök séu til að skýra ákvæði 9. gr. að þessu leyti öðru vísi en eftir orðum sambærilegs ákvæðis í 10. gr. laganna um að stéttarfélagssamningar viðkomandi starfsmanna komi einungis til álita um kaup og kjör starfsmanna LHG „eftir því sem við á“. Þar sem ekki hefur verið samið um neina hagræðingu af hálfu félagsmanna stefndu hjá LHG geti ekki átt við sá kaupauki sem félagsmenn stefndu hjá Flugleiðum hf. hafi fengið sérstaklega í staðinn fyrir þá hagræðingu í störfum og vaktafyrirkomulagi sem mælt er fyrir um í samningi þeirra í milli.

Mótmælt er málsástæðum stefnanda um efni þeirrar venju sem hann ber fyrir sig í málinu. Svo sem fyrr var lýst hafi ekki farið sjálfkrafa um kaup og kjör félagsmanna stefndu hjá LHG eftir kjarasamningum við Flugleiðir hf. heldur hafi verið gerðir sérstakir samningar gagnvart mörgum vinnuveitendum, þ. á m. stefnda. Væri lögskýring stefnanda á 9. gr. laga nr. 25/1967 lögð til grundvallar og efni þeirrar venju sem hann ber fyrir sig hefði aldrei þurft að koma til samningar stefnanda og stefnda, heldur hefðu kjör þeirra sem vinna hjá LHG sjálfkrafa leitt af öðrum kjarasamningum á hinum almenna markaði. Slíkt hafi ekki verið lagt til grundvallar í skiptum stefnanda og stefnda um kaup og kjör flugvirkja hjá LHG og hafi því í raun ekki verið fram haldið af stefnanda til þessa, enda hafi verið gengið til kjarasamninga við stefnda. Ekki sé því unnt að fallast á skýringu stefnanda á 9. gr. laga nr. 25/1967 eða efni þeirrar venju sem stefnandi hefur lýst.

Því er mótmælt að þýðingu geti haft í málinu að félagsmenn

stefnanda sem starfa hjá LHG hafi ekki verkfallsrétt. Nefnir stefnandi að ljóst sé við slíkar aðstæður að koma þurfi til sérreglur varðandi ákvörðun launa og annarra kjara, sem taki tillit til þessarar sérstöku stöðu. Ekki er fallist á að hugmyndir stefnanda um setningu slíkra reglna geti haft áhrif á málatilbúnað hans enda séu slíkar reglur ekki í gildi. Því er mótmælt að viðurkenning á málatilbúnaði stefnanda geti falist í samningnum frá 19. september 1989, þótt þar hafi í 1. gr. verið tekið mið af grunnkaupi úr þar tilvitnuðum samningi, enda hafa bæði VSÍ og stefndi samið síðar sérstaklega um launaliði, hver fyrir sig. Ennfremur er því mótmælt að kjarasamningur atvinnuflugmanna geti haft þau áhrif á réttarstöðu stefnanda með þeim hætti sem ráðgert er í stefnu. Þvert á móti sýni sá samningur það að kjör flugmanna komi ekki sjálfkrafa til af samningum á hinum almenna markaði, heldur geri stéttarfélag þeirra sérstakan kjarasamning við ríkið, á sama hátt og stefnandi.

Til stuðnings kröfum um málskostnað vísast til 65. gr. laga nr. 80/1938, sbr. XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

#### *Skýrslutökur.*

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslu fyrir dóminum, Hálfván Hermannsson formaður stefnanda, Oddur Garðarsson flugvirki hjá Landhelgisgæslunni og Bolli Árnason rekstartæknifræðingur hjá Vinnuveitendasambandi Íslands.

Fram kom hjá formanni stefnanda, að Flugfélag Norðurlands og Íslandsflug greiði eftir samningi stefnanda við Flugleiðir. Á sínum tíma hafi stefnandi samið við Arnarflug. Jafnframt kom fram hjá formanninum að heimild til vakta samkvæmt 4. gr. samnings stefnanda og Flugleiða 12. júní 1994 hafi verið lítið notuð og fyrir vinnu á þeim vöktum sé sérstaklega greitt og taldi formaðurinn þessar vaktir ekki eiga neitt skylt við þá launahækkun 6,5%, sem samið var um.

Fram kom hjá Oddi Garðarssyni, að sveigjanlegar vaktir samkvæmt 4. gr. samnings stefnanda og Flugleiða frá 12. júní 1994 ættu að geta nýst Landhelgisgæslunni, sama væri um önnur ákvæði í samningnum sem fela í sér breytingu frá fyrri samningi stefnanda og Vinnuveitendasambandsins. Oddur sagði að flugvirkjar hjá Landhelgisgæslunni hafi haft kjör í samræmi við samning stefnanda og Vinnuveitendasambandsins þau 11 ár sem hann hafi starfað hjá Landhelgisgæslunni. 1987 hafi verið farið að semja um sérkjaratriði

við ríkissjóð. Núna taki flugvirkjar hjá Landhelgisgæslunni laun eftir kjarasamningi stefnanda við Flugleiðir frá 23. júlí 1992. Hjá Landhelgisgæslunni starfi 9 flugvirkjar.

Fram kom hjá Bolla Árnasyni að hann teldi kjarasamning stefnanda og Flugleiða frá 12. júní 1994 einskorðaðan við starfsemi og skipulag Flugleiða hf.

*Álit dómsins.*

Skýra verður 9. gr. laga nr. 25/1967 um Landhelgisgæslu Íslands svo, að laun og kjör þeirra starfsmanna Landhelgisgæslunnar, sem vinna að staðaldri í landi, skuli annað hvort vera samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna eða samkvæmt almennum kjarasamningum stéttarfélags viðkomandi starfsmanna. Flugvirkjar hjá Landhelgisgæslunni vinna að jafnaði í landi samkvæmt því sem ráða má af gögnum málsins og ekki hefur verið sýnt fram á annað en þeir séu fullgildir félagsmenn í Flugvirkjafélagi Íslands. Ekki er ljóst af gögnum málsins hverjir af starfsmönnum Landhelgisgæslunnar taka laun og kjör samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna og hverjir eftir kjarasamningum stéttarfélaga viðkomandi starfsmanna. Hins vegar virðist ljóst að flugvirkjar hjá Landhelgisgæslunni hafa búið við seinni kostinn lengi. Stefnandi hefur haldið því fram að frá upphafi hafi flugvirkjar þessir tekið laun og kjör eftir almennum kjarasamningum stefnanda og af gögnum málsins er a.m.k. ljóst að svo hefur verið um all langt skeið. Í samningi málsaðila hinn 16. janúar 1985, er vísað til þess að kjarasamningur stefnanda við Flugleiðir skuli gilda milli málsaðila með sama hætti og verið hefur með breytingum sem á honum hafa verið gerðar frá 6. nóvember 1984 ásamt samkomulagi aðila frá 30. nóv. 1982 og minnismiða frá sama tíma um tegundarréttindi. Í samningi málsaðila frá 1. júlí 1987, sömdu málsaðilar um sama fyrirkomulag. Hinn 19.9.1989 gerðu málsaðilar með sér sams konar samkomulag með eftirfarandi orðalagi: „Að öðru leyti en í samningi þessum greinir fer um kaup og kjör flugvirkja samkvæmt kjarasamningi FVFI og VSÍ vegna Flugleiða frá 4. júlí 1989.“ Stefnandi gerði nýjan aðalkjarasamning við Vinnuveitendasamband Íslands vegna Flugleiða hinn 11. sept. 1990, en málsaðilar gerðu svo nýjan samning sín á milli hinn 12. desember sama ár. Í þeim samningi er síðastgildandi kjarasamningur málsaðila frá 19. sept 1989 framlengdur og þar með tilvísun í almenna kjarasamninginn í gr. 1. Stefnandi gerði nýjan

kjarasamning við Vinnuveitendasamband Íslands vegna Flugleiða h.f. hinn 23. júlí 1992 og í kjölfar hans eða 24. september sama ár, framlengdu málsaðilar síðastgildandi kjarasamning sinn óbreyttan og þar með enn á ný þá tilvísun sem sá samningur og fyrri samningar hafa að geyma í hina almennu kjarasamninga stefnanda við Flugleiðir. Óumdeilt er að flugvirkjar í þjónustu stefnda taka nú laun og önnur starfskjör eftir síðastgildandi sérkjarasamningi málsaðila frá 24. september 1992, en hann átti að vísu að falla úr gildi án sérstakrar uppsagnar hinn 31. desember 1992 samkvæmt efni sínu. Það hefur hins vegar ekki þýðingu varðandi úrlausn þessa máls vegna þess að í raun hafa málsaðilar farið eftir honum til þessa dags og að auki verður að telja að sú venjuhelgaða regla gildi um kjarasamninga sem eru útrunnir, að um réttindi og skyldur samningsaðila fari eftir gamla samningnum meðan enn er ósamið. Af framangreindu er ljóst að báðir málsaðilar hafa til langs tíma túlkað 9. gr. laga nr. 25/1967 um Landhelgisgæslu Íslands svo, að stéttarfélagssamningur viðkomandi starfsgreinar sé aðalkjarasamningur stefnanda við Vinnuveitendasamband Íslands vegna Flugleiða, enda ekki öðrum almennum kjarasamningum flugvirkja til að dreifa hér á landi.

Stefnandi gerði nýjan aðalkjarasamning við Vinnuveitendasamband Íslands vegna flugvirkja 12. júní 1994. Í kjölfar þess samnings tóku málsaðilar upp viðræður í því augnamiði af hálfu stefnanda að hinn nýi aðalkjarasamningur yrði lagður til grundvallar sem kjarasamningur milli málsaðila vegna starfsmanna Landhelgisgæslunnar. Ekki var á þetta fallist af hálfu stefnda og málinu af þeirri ástæðu vísað til Félagsdóms. Aðalkjarasamningur stefnanda við Vinnuveitendasamband Íslands vegna Flugleiða frá 12. júní 1994 er í öllum aðalatriðum framlenging á síðastgildandi aðalkjarasamningi frá 23.7.1992 með nokkrum breytingum á einstöku greinum og nýmæli hvað varðar vaktir, sem ná til hluta starfsmanna á hverjum tíma, sbr. 4. gr. Þar er um að ræða heimildarákvæði fyrir atvinnurekanda og þar af leiðandi engin rök fyrir því að telja það út af fyrir sig óaðgengilegt fyrir stefnda.

Starfsmenn Landhelgisgæslu Íslands hafa hvorki heimild til að gera verkfall né til að taka þátt í verkfallsaðgerðum, sbr. 7. gr. laga nr. 25/1967 um Landhelgisgæslu Íslands. Samkvæmt 9. gr. sömu laga skulu laun og kjör þeirra vera samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna eða stéttarfélagssamningum viðkomandi

starfsmanna. Löng venja er fyrir því hvernig launa- og kjaramálum flugvirkja hjá stefnda hefur verið skipað, eins og rakið hefur verið hér að framan, en kjör félagsmanna stefnanda hjá Landhelgisgæslunni hafa ekki verið í samræmi við gildandi aðalkjarasamning stefnanda við Vinnuveitendasambandið vegna Flugleiða frá 12. júní 1994. Þar sem stefndi hefur ekki sýnt fram á annmarka á þeim kjarasamningi né heldur fært rök fyrir annarri viðmiðun varðandi kjör félagsmanna stefnanda hjá Landhelgisgæslunni er fullnægi 9. gr. laga nr. 25/1967, ber að taka kröfu stefnanda til greina.

Rétt þykir að stefndi greiði stefnanda málskostnað sem ákveðst kr. 100.000. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

### D ó m s o r ð :

Um kaup og kjör flugvirkja sem starfa hjá Landhelgisgæslu Íslands skal fara samkvæmt kjarasamningi Flugvirkjafélags Íslands við Vinnuveitendasamband Íslands vegna Flugleiða h.f. dags. 12. júní 1994 frá og með þeim degi, að öðru leyti en greinir í kjarasamningi málsaðila vegna starfa flugvirkja hjá Landhelgisgæslu Íslands frá 24. september 1992.

Stefndi, fjármálaráðherra f.h. ríkisins vegna Landhelgisgæslu Íslands, greiði stefnanda, Alþýðusambandi Íslands f.h. Flugvirkjafélags Íslands, kr. 100.000 í málskostnað.

### S é r a t k v æ ð i

#### **Ingibjargar Benediktsdóttur og Guðmundar Skaftasonar.**

Í samningi milli fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Flugvirkjafélags Íslands vegna starfa flugvirkja hjá Landhelgisgæslu Íslands frá 19. september 1989 segir svo í 1. grein:

„1. Um kaup og kjör.

1.1. Að öðru leyti en í samningi þessum greinir fer um kaup og kjör flugvirkja samkvæmt kjarasamningi FVFÍ og VSÍ vegna Flugleiða frá 4. júlí 1989“.

Gildistími samningsins var frá 1. nóvember 1989 til 31. mars 1990 og skyldi hann falla þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar. Í samningi málsaðila frá 12. desember 1990 segir svo í 1. grein.

„Síðast gildandi kjarasamningur milli ofangreindra aðila framlengist með þeim breytingum sem í samningi þessum felast til 31. ágúst 1991 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.“

Í 2. gr. hans segir að á samningstímanum skuli laun og launatengdir liðir hækka eins og þar er lýst. Næst tók við samningur málsaðila frá 24. september 1992 er hljóðar svo:

„Síðast gildandi kjarasamningur aðila, dags. 12. desember 1990, framlengist óbreyttur til 31. desember 1992 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.“

Af gögnum málsins verður ekki séð, að síðan hafi verið gerður kjarasamningur milli málsaðila. Takmarkast því samningsskyldur stefnda við samninginn frá 19. september 1989, sbr. samninginn frá 4. júlí s.á. að viðbættum þeim kjaraatriðum, sem þeir hafa síðan samið um.

Pótt í kjarasamningum málsaðila á undanförunum árum hafi verið vísað til kjarasamninga Vinnuveitendasambands Íslands vegna Flugleiða hf. byggja þær tilvísanir í öllum tilvikum á samningum við stefnda. Slík tæknileg útfærsla á samningunum þykir ekki skipta máli hér, enda Flugleiðir hf. langstærsti samningsaðili og því almennt séð leiðandi um samningsgerðina á markaðinum. Á það verður því ekki fallist að slíkar tilvísanir bindi stefnda eftir venjurétti. Auk þess á úrlausn um gildi venju ekki undir Félagsdóm, sbr. IX bindi bls. 521 og Hrd. 1992 bls. 1295.

Samningur Vinnuveitendasambands Íslands vegna Flugleiða hf. og stefnanda frá 12. júní 1994 er að sjálfsögðu miðaður við starfsemi og skipulag Flugleiða hf. Þannig má t.d. ætla, að Flugleiðir hf. hafi við samningsgerðina verið að kaupa sér réttindi samkvæmt 4. gr. hans um sveigjanlegan vinnutíma á vöktum, sem ekki er líklegt að geti nýst Landhelgisgæslunni. Þá er ekki ljóst af gögnum málsins eða málflutningi hvernig 1. gr. samnings stefnanda frá 12. júní kann að binda stefnda ef dómkrafan er tekin til greina.

Hér verður heldur ekki litið fram hjá því, að rót ágreiningsins í málinu er ekki deila „um skilning á skriflegum samningsákvæðum“ milli málsaðila (Hrd. 1992 bls. 1295), heldur hinu, að kjarasamningur hefur ekki tekist.

Ljóst er að fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs fer með launamál fyrir Landhelgisgæsluna og jafnframt stendur hann utan samtaka VSÍ. Ber honum því sjálfstæð samningsaðild gagnvart stefnanda. Yrði

krafa stefnanda tekin til greina, þykir það jafngilda því, að samningsaðild stefnda væri hafnað. Lögin um Landhelgisgæslu Íslands nr. 25/1967, 9. gr. þykir ekki fela í sér heimild til að svipta stefnda þessum samningsrétti. Hún mælir aðeins fyrir um, að það sé valkvætt hvort um laun og kjör starfsmanna Landhelgisgæslunnar fari samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna eða stéttarfélagssamningum viðkomandi starfsmanna, en engin heimild er fyrir því að slíkt megi gerast án samninga málsaðila þar um. Er því helst að jafna þessari stöðu við það, þegar fyrir liggur ágreiningur um hvert skuli verða efni samnings, enda verður að skýra 9. gr. í samræmi við grundvallarreglur samningaréttarins. Telja verður varhugavert að binda stefnda almennt og ósérgreint við framangreindan samning frá 12. júní 1994, en gagnvart stefnda verkar hann sem þriðjamanns löggerningur.

Stefnandi byggir kröfu sína meðal annars á því, að félagsmenn sínir hafi hvorki verkfallsrétt né rétt til að taka þátt í verkfallsboðunum og sé samningsstaða þeirra að þessu leyti mjög takmörkuð. Ljóst sé að við slíkar aðstæður þurfi að koma til sérreglur varðandi ákvörðun launa og annarra kjara, sem taki tillit til þessarar sérstöku stöðu. Skýra verði 9. gr. með tilliti til þessa.

Grein 7 í lögum nr. 25/1967 hljóðar svo:

„Starfsmenn Landhelgisgæzlunnar mega hvorki gera verkfall né taka þátt í verkfallsboðunum“.

Í 1. mgr. 5. gr. sömu laga segir:

„Starfsmenn Landhelgisgæzlunnar skulu teljast til lögreglumanna ríkisins og hafa réttindi og skyldur eftir því, sbr. lög nr. 56/1963 og lög nr. 82/1961, V. kafli“.

Í athugasemdum við frumvarp til laganna um Landhelgisgæslu Íslands segir um 5.-7. gr., að þar ræði „um réttarstöðu starfsmanna gæslunnar, sbr. 2. og 5. gr. laga nr. 32/1935. Við gæslustörf varðskipanna hafa allir skipverjar, meira eða minna, orðið aðilar að þeim störfum og hættum sem löggæzlu á hafinu fylgja. Er því rétt að skipverjar allir njóti þeirrar réttarstöðu, sem löggæzlumenn hafa“. Í 2. gr. laga nr. 32/1935 er mælt fyrir um, að skipstjórar varðskipanna og stýrimenn séu löggæslumenn og í 5. gr. i.f., að skipverjar megi ekki taka þátt í neins konar kaupdeilu. Áðurgreind 5. gr. laga nr. 25/1967 vísar til laga um meðferð opinberra mála, ákvæða um lögreglumenn, og laga nr. 56/1963 um lögreglumenn, en í 5. gr. þeirra segir:

„Skipshafnir varðskipanna og tollverðir teljast til lögreglumanna ríkisins“. Samhljóða ákvæði er nú í upphafi 4. gr. laga nr. 56/1972 um lögreglumenn.

Um breytingu sem gerð var á orðalagi 7. gr. í meðförum neðri deildar Alþingis tekur dómsmálaráðherra fram í framsögu um frumvarpið í efri deild:

„Síðan var gerð breyting á 7. gr., sem kannske var viðkvæmt at-riði, þar sem stóð í frv., að starfsmenn landhelgisgæzlunnar megi hvorki beint né óbeint taka þátt í neins konar kaup- eða kjaradeilum, en hljóðar nú: „Starfsmenn Landhelgisgæzlunnar mega hvorki gera verkfall né taka þátt í verkfallsboðunum“. Tel ég það í sjálfu sér alveg fullnægjandi. En annars staðar eru ákvæði um það, í 5. gr., að starfsmenn landhelgisgæzlunnar skuli teljast til lögreglumanna ríkisins og hafa réttindi og skyldur eftir því“.

Af framangreindu má sjá, að bein orðskýring á ekki við um upphafsorð 5. og 7. gr.

Augljóst er, þrátt fyrir ónákvæmt orðalag, að þegar löggjafinn setur 5. gr. laganna um Landhelgisgæsluna hefur hann aðeins fyrir augum skipshafnir varðskipanna. Fjarstætt er að álíta, að skv. þessari grein sé öllum starfsmönnum stofnunarinnar fengið lögregluvald svo sem skrifstofumönnum eða flugvirkjum.

Engin efni eru til annars en skýra upphafsorð 5. og 7. gr. „Starfsmenn Landhelgisgæslunnar“ á sama veg, enda liggja þeim til grundvallar sömu sjónarmið, báðar í þeim kafla laganna um Landhelgisgæsluna er mælir fyrir um réttindi og skyldur starfsmanna. Auk þess sýnist það í samræmi við 1. mgr. 2. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna og þrönga skýringu á undanþágum frá verkfallsheimildum, sbr. t.d. Féld. IX bls. 492.

Samkvæmt því sem að framan er rakið þykir heimild skorta til að binda stefnda við samning stefnanda frá 12. júní 1994. Verður krafa stefnanda því ekki tekin til greina. 7. gr. laganna um Landhelgisgæslu Íslands tekur ekki til félagsmanna stefnanda. Um úrlausn kjaraprættunnar ber því að fara eftir almennum reglum vinnu-markaðarins.

Með vísan til framanritaðs ber að sýkna fjármálaráðherra af kröf- um stefnanda.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður.

## D ó m s o r ð:

Stefndi, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda.

Málskostnaður fellur niður.

---